# SKÝRINGAR.

## ALMENNT:

PÍPUSTÆRÐIR ERU Í MM, HÆÐARTÖLUR (KÓTAR) Í M OG ÖNNUR ÓNEFND MÁL ERU Í MM.

UPPGEFNAR STÆRÐIR Á PÍPUM ER INNRA ÞVERMÁL. UPPGEFNAR HÆÐARTÖLUR (KÓTAR) Á LÖGN ERU Í RENNSLISBOTNI (Þ.E. INNRI BOTN Á RÖRI).

ALLAR MERKINGAR ERU SAMKV. ÍSLENSKUM STAÐLI ÍST 64. EFNI, FRÁGANGUR OG ÖLL VINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ REGLUGERÐIR OG ÍSLENSKAN STAÐAL.

ALLAR LAGNIR ÞARF AÐ TAKA ÚT AF BYGGINGAFULLTRÚA.

## FRÁRENNSLISLAGNIR:

### LAGNIR Í GRUNNI:

LAGNIR Í GRUNNI SKULU VERA ÚR:
a) PLASTI, STÍFU PVC SETT SAMAN MEÐ GÚMÍHRING Í MÚFFU EÐA SAMSOÐNU PEH.
b) STEINSTEYPTUM PÍPUM SAMSETTUM MEÐ GÚMÍHRING EÐA HAMPPAKKAÐAR OG MÚRAÐAR.

GRAFA SKAL FYRIR LÖGNUM INNAN GRUNNS Í ÞJAPPAÐA FYLLINGU. PÍPURNAR SKAL LEGGJA Í ÞJAPPAÐA UNDIRSTÖÐU (15 CM SANDLAG) ÞANNIG AÐ ÞÆR HVÍLI Á BELGNUM EN EKKI MÚFFUM. UMHVERFIS LÖGN KOMI 15 - 20 CM SANDLAG.

### LAGNIR INNANHÚSS:

LAGNIR SKULU VERA ÚR . VIÐURKENNDU PLASTI TIL NOTKUNAR INNANHÚSS (T.D. POLYPROPYLEN). LAGNIR SKAL EINANGRA MEÐ 20 MM GLERULLAMOTTUM OG VEFJA MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK. FESTA SKAL LAGNIR MEÐ 1,2 M MILLIBILI.

## NEYSLUVATNSLAGNIR:

HEIMÆÐAPÍPA FYRIR KALT VATN SKAL VERA ÚR PLASTI, PEH. PÍPUR FYRIR HEITT OG KALT NEYSLUVATN INNANHÚSS, SKULU VERA GALVANHÚÐAÐAR JÁRNPÍPUR MEÐ SKRÚFUÐUM TENGISTYKKJUM.

EINANGRA SKAL PÍPUR MEÐ 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK.

FESTA SKAL LAGNIR MEÐ 1,2 M MILLIBILI.

ALLAR TENGINGAR VIÐ HREINLÆTISTÆKI ERU 15 MM.

## HITALAGNIR:

HITAKERFI MIÐAST VIÐ AÐ EINANGRAÐ SÉ SAMKV. BYGGINGAREGLUGERÐ.

PÍPUR SKULU VERA SVARTAR JÁRNPÍPUR MEÐ SKRÚFUÐUM TENGISTYKKJUM.

EINANGRA SKAL PÍPUR MEÐ 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK.

FESTA SKAL LAGNIR MEÐ 1,2 M MILLIBILI.




INNTAK VATNSVEITU

9. júní 1986
HAFNARFJARÐARBÆR
BYGGINGAFULLTRÚINN

KRISTJÁN KNÚTSSON
TÆKNIFRÆÐINGUR TFÍ S. 651647

| | |
|---|---|
| LYNGBERG 27<br>HAFNARFIRÐI | DAGS. MAÍ 86<br>MKV. |
| ALMENNAR SKÝRINGAR. | BL. 1 AF |
| | VERK 8510 - 02 |
| HITA- OG HREINLÆTISLAGNIR. | |